



28. maí 2021

Lífeyrissparnaður nam rúmlega sex þúsund milljörðum króna 31. mars 2021

Lífeyrissparnaður landsmanna var samtals 6.155 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2021(1F) og hafði aukist um 2,6% eða um 153 ma.kr. fyrstu þrjá mánuði ársins. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu 5.247 ma.kr. við lok 1F og séreignarsparnaður á þeirra vegum nam 617 ma.kr. Eignir hjá innlendum vörsluaðilum séreignasparnaðar námu 251 ma.kr.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36. gr. a. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má nálgast þær á vef Seðlabankans.

Hér að neðan er að finna samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á 1F. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram og eru því bráðabirgðatölur.

Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við lok 1F um 5.247 ma.kr. og hækkuðu um 128 ma.kr. á tímabilinu sem jafngildir 2,5% aukningu. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að eignir í hlutdeildarskírteinum UCITS-sjóða¹ hækkuðu um 63 ma.kr. eða um nærri 5%. Eignir þessara sjóða eru að mestu í erlendum verðbréfum. Sértryggð skuldabréf í eignasöfnum lífeyrissjóðanna jukust um 8% eða 19 ma.kr. Eignir í hlutabréfum fyrirtækja jukust um 4% eða um 37 ma.kr. Innlán lækkuðu um 12% frá árslokum og námu nærri 126 ma.kr. Ríkisvixlar og skuldabréfa jukust um 16 ma.kr. á milli tímabila en vægi þeirra í eignasöfnum sjóðanna drógst saman um 0,2 prósentustig í 19,4%.

Erlendar eignir samtryggingardeilda sjóðanna við lok 1F voru um 1.935 ma.kr. og nam aukningin 43 ma.kr. á tímabilinu. Hlutdeild erlendra eigna nam 37% af heildareignum samtryggingardeilda sem er álíka hlutfall og var við lok árs 2020.

¹ Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða tilskipun 2009/ 65/EB um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

Í töflu 1 koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á 1F.

Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna

Samtrygging	Fjárhæðir í þúsundum króna	31.12.2020	31.3.2021	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)		1.000.884.542	1.017.242.000	16.357.458	1,6%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)		538.008.521	527.079.325	- 10.929.195	-2,0%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)		189.930.732	198.759.293	8.828.561	4,6%
Innlán (B.b)		143.267.672	125.519.603	- 17.748.070	-12,4%
Sértryggð skuldabréf (B.c)		242.197.325	261.612.623	19.415.298	8,0%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)		14.977.234	13.924.670	- 1.052.564	-7,0%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)		1.328.349.385	1.391.422.654	63.073.269	4,7%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)		304.010.331	306.969.717	2.959.386	1,0%
Skuldabr. og peningam.skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárfest. (D.b)		68.768.939	69.790.166	1.021.227	1,5%
Hlutabréf félaga (E.a)		902.118.952	938.907.916	36.788.964	4,1%
Hlutdeildarskirt. og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárfestingu (E.b)		382.503.235	392.269.923	9.766.688	2,6%
Fasteignir (E.c)		0	0	0	
Afleiður (F.a)		1.091.684	522.734	- 568.951	-52,1%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)		2.726.867	2.745.653	18.786	0,7%
Samtals		5.118.835.420	5.246.766.276	127.930.856	2,5%

Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra innlendra vörsluaðila námu 868 ma.kr. við lok 1F. Þrátt fyrir heimildir til úttekta séreignarsparnaðar jukust eignir sjóðanna í þessum flokki á tímabilinu um 3% eða um 26 ma.kr. Mest aukning var í eignaflokkunum sértryggð skuldabréf og í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða en UCITS, annarsvegar um 8 ma.kr. og hinsvegar um 6,3 ma.kr. Mest var lækkun á milli tímabila í skuldabréfum útgefnum af lánastofnunum og váttryggingafélögum eða um nærri 4,5 ma.kr.

Erlendar eignir í séreignarsparnaði námu nærri 215 ma.kr. við lok 1F eða 25% af eignum þeirra. Aukning erlendra eigna nam nærri 5 ma.kr. á tímabilinu.

Í töflu 2 koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á 1F.

Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Séreign	Fjárhæðir í þúsundum króna	31.12.2020	31.3.2021	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)		136.390.298	135.325.004	- 1.065.294	-0,8%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)		32.897.783	33.242.421	344.638	1,0%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)		21.845.905	24.851.334	3.005.429	13,8%
Innlán (B.b)		211.694.106	212.232.622	538.516	0,3%
Sértryggð skuldabréf (B.c)		66.966.008	75.052.713	8.086.705	12,1%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)		8.662.324	4.165.550	- 4.496.774	-51,9%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)		196.865.504	201.749.763	4.884.259	2,5%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)		47.964.506	48.800.570	836.064	1,7%
Skuldabr. og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárfest. (D.b)		8.759.553	10.304.065	1.544.512	17,6%
Hlutabréf félaga (E.a)		60.246.476	66.317.175	6.070.698	10,1%
Hlutdeildarskirt. og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárfestingu (E.b)		49.889.299	56.224.118	6.334.819	12,7%
Fasteignir (E.c)		25.665	0	-25.665	-100,0%
Afleiður (F.a)		48.481	23.551	- 24.930	-51,4%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)		41.267	29.985	- 11.282	-27,3%
Samtals		842.297.177	868.318.872	26.021.696	3,1%